

**Ed.**

**443. Frumvarp til laga**

[177. mál]

um aðstoð ríkisins við kaupstaði og kauptún vegna landakaupa.

(Eftir 3. umr. í Nd., 21. marz.)

**1. gr.**

Ríkissjóður leggur árlega fram 3 millj. króna á árunum 1963—1972, sem ríkisstjórninni er heimilt að lána kaupstöðum og kauptúnum til þess að kaupa lönd og lóðir innan takmarka hlutaðeigandi sveitarfélaga.

Fé þetta skal geymt á sérstökum reikningi ríkissjóðs í Seðlabankanum, ef því er ekki öllu ráðstafað árlega. Enn fremur skulu afborganir lána og vextir leggjast inn á þann reikning, og er heimilt að lána það fé í sama skyni.

**2. gr.**

Félagsmálaráðuneytið hefur með höndum umsjón og allar framkvæmdir í sambandi við lánveitingar skv. 1. gr., svo sem frágang lánskjala, innheimtu afborgana og vaxta, svo og reikningshald, en heimilt er ráðuneytinu að fela lánastofnun að annast þessi störf.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að fella niður þinglesturs- og stimpilgjöld af lánskjöllum þeim, sem um getur í 1. mgr.

Reikningshald skal endurskoðað af ríkisendurskoðuninni og reikningar birtir árlega í B-deild Stjórnartíðinda.

Standi sveitarfélag, sem notið hefur aðstoðar samkvæmt lögum þessum, ekki í skilum með afborganir eða vaxtagreiðslur, er heimilt að halda eftir framlögum, sem það á að fá úr Jöfnunarsjóði, til fullnustu hinum vangreiddu fjárhæðum.

**3. gr.**

Lán samkvæmt 1. gr. mega nema allt að 60% af kostnaðarverði hins keypta lands, en jafnframt er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast allt að 40% af verðinu. Ef svo semst um á milli seljanda og sveitarfélags, að sveitarfélag megi greiða landverðið með skuldabréfi, er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast allt að 100% af fjárhæð þess.

Hið keypta land skal vera til tryggingar láni og ábyrgð ríkissjóðs.

Eigi má sveitarfélag selja land, sem keypt hefur verið samkvæmt lögum þessum, nema samþykki ráðherra komi til, enda verði þá öll áhvílandi skuld við sjóðinn með veði í landinu greidd að fullu.

**4. gr.**

Lánstími má vera allt að 25 árum og vextir 5%. Skilyrði ríkisábyrgðar er, að ríkisábyrgðarlánið sé, að dómi ríkisstjórnarinnar, með svo hagstæðum kjörum, að sveitarfélagið fái risið undir því.

**5. gr.**

Það er skilyrði fyrir aðstoð ríkisins, samkvæmt lögum þessum, að ríkisstjórnin telji sveitarfélagi nauðsynlegt að eignast umrædd landsvæði vegna almennra þarfa. Rétt er að synja um aðstoð, ef ríkisstjórnin telur kaupverðið óhæfilega hátt.

**6. gr.**

Nú samþykkir ríkisstjórnin að veita sveitarfélagi aðstoð samkvæmt lögum þessum, en eigandi lands vill eigi selja eða samkomulag næst ekki um kaupverð, og er þá heimilt að taka löndin eða lóðirnar eignarnámi, samkvæmt lögum nr. 61 14. nóvember 1917.

**7. gr.**

Áður en ríkisstjórnin veitir sveitarfélagi aðstoð, skal leitað umsagnar Sambands íslenzkra sveitarfélaga um málið.

**8. gr.**

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og eru þar með úr gildi numin lög nr. 64 27. júní 1941, um jarðakaup ríkisins vegna kauptúna og sjávarþorpa.